

Mál nr. 127/2007

M
og
Vátryggingafélagið X v/ferðatryggingar greiðslukorts

Ágreiningur um bótaskyldu
vegna framlengingar á ferð á Kanaríeyjum í febrúar 2007

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.07. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.07. 2007, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er.

M mun hafa fengið aðsvif í fríi á Kanaríeyjum og fallið á andlitið með þeim afleiðingum að gervitönn brotnaði og hann marðist í andliti. Miðað við gögn málsins var honum ráðlagt að hvíla sig í nokkra daga. M framlengdi dvöl sína um viku sbr. gögn málsins. Hann krefur félagið um endurgreiðslu á kostnaði við framlenguna.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til vátryggingaskilmála. Í gr. 4.6.1 segir: "Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að 400.000 kr. af óafturkræfum ferðakostnaði vátryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem vátryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS International að rjúfa ferð og fara heim eða hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu tjóni."

Félagið telur að hér sé um hlutlæga ábyrgðartakmörkun á bótaskyldu að ræða. Skilyrði fyrir bótaskyldu séu ekki uppfyllt.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu sem óþarft er að geta. Hann telur að umrætt ákvæði beri að skýra sem varúðarreglu en ekki hlutlæga takmörkun á ábyrgð.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Skilyrði ákvæðis skilmála í 4.6.1 fyrir greiðsluskyldu félagsins eru ekki uppfylli.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. júlí 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.